

Samþykkt fyrir Kirkjubyggingasjóð Reykjavíkurborgar

1. gr.

Sjóðurinn heitir Kirkjubyggingasjóður Reykjavíkurborgar.

2. gr.

Hlutverk sjóðsins er að styrkja með óafturkræfum framlögum til byggingar kirkna og safnaðarheimila sókna í Reykjavík með það takmark fyrir augum að þær eignist hver sína kirkju svo fljótt sem verða má.

Kirkjusöfnuður utan þjóðkirkjunnar getur því aðeins notið styrks úr sjóðnum að hann hafi löggiltan forstöðumann.

Framlög til utanþjóðkirkjusafnaðar eru endurkræf, ef söfnuðurinn hættir störfum.

3. gr.

Tekjur sjóðsins verði: Framlag Reykjavíkurborgar samkvæmt fjárhagsáætlun hvers árs til kirkjubygginga í Reykjavík, gjafir, áheit og aðrir slíkir styrkir og framlög er ánafnaðir eru sjóðnum.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum og séu tveir þeirra kjörnir af héraðsnefndum Reykjavíkurborgar og einn af borgarráði Reykjavíkur, til fjögurra ára í senn. Fulltrúi Reykjavíkurborgar gegnir formennsku í stjórninni.

Sjóðsstjórnin skal hafa forgöngu um öflun fjár til sjóðsins, varðveitir hann og gerir rökstuddar tillögur til borgarstjórnar Reykjavíkur um styrkveitingar úr honum.

5. gr.

Stjórn sjóðsins getur samið við aðra um fjárvörslu, sem m.a. felst í móttöku styrkja og útborgun, samkvæmt ákvörðun stjórnar Kirkjubyggingasjóðs Reykjavíkurborgar.

6. gr.

Skilyrði til styrkveitinga úr sjóðnum til byggingar nýrrar kirkju eru:

Að lóð, samþykktir uppdrættir og nauðsynleg byggingarleyfi séu fyrir hendi.

Að sókn sú sem sækir um styrk hafi lagt fram eða leggi fram til byggingarinnar a.m.k. ¼ hluta þeirrar fjárhæðar sem veitt er.

Að stærð kirkju sé í hóf stillt miðað við þarfir sóknarinnar. Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, má þó styrkja kirkjubygginguna, þótt stærð kirkju fari fram úr því sem þörf sóknar krefur.

7. gr.

Sóknir sem þegar hafa lokið byggingu kirkju að mestu eða öllu leyti, geta fengið styrk úr sjóðnum, enda hrökkvi tekjur þeirra ekki til greiðslu vaxta og afborgana af skuldum vegna kirkjubygginga sinna, þegar frá hefur verið dreginn nauðsynlegur rekstrarkostnaður. Þá er hægt að veita styrki úr sjóðnum til endurbóta og meiriháttar viðhalds kirkna samkvæmt nánari tillögum sjóðsstjórnar, skv. 8.gr.

8. gr.

Borgarstjórn Reykjavíkur úthlutar styrkjum úr sjóðnum að fengnum tillögum sjóðsstjórnarinnar. Umsóknir um styrki skulu sendar sjóðsstjórninni. Styrkveitingu skal hagað þannig að hún komi að sem bestum notum og leysi hverju sinni framkvæmanlega og nauðsynlega áfanga að settu marki, sbr. 2. gr.

Úthlutun skal að jafnaði lokið fyrir 1. mars ár hvert.

9. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda. Ársreikning sjóðsins skal leggja fram í borgarráði Reykjavíkur ár hvert.

Samþykkt í borgarráði 7. janúar 2003